

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts fyrir hönd viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 17. mars 1987.

F.h.r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 173 3. apríl 1986, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

1. gr.

1. og 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 14 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað, þó má andvirði hvers hlutar ekki nema hærri fjárhæð en 7 000 kr. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 3 500 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 7 000 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð en 14 000 kr. fyrir lengri ferð. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 7 000 kr. Taki ferð skemur en einn sólarhring má fjárhæðin þó ekki vera hærri en 3 500 kr. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 3 500 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Um einkasölugjald o.fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni

sem tilgreint er í 2. mgr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:		kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	350
2. Portvín, sherry, madeira, vermút, líkjörar og aperítívar, þ.m.t. bitterar undir 22% styrkleika	540
3. Aperítívar, þ.m.t. bitterar með 22% styrkleika eða meira	800
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, ót. a., svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	1 240
B. Tóbak:		
1. Reyktóbak	1 190 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	720 kr./200 stk.
3. Smávindlar	80 kr./10 stk.
Meðalstærð	340 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir	410 kr./25 stk.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu 11. mars 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir Jónsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um hverjar vörur lyfsalar einir og lækna-
(dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega
hafa á boðstólum, selja eða afhenda, og um sölu vítamína
og steinefna nr. 579/1980.**

1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr töluliður:

„20. Flúorsambönd til staðbundinnar notkunar á tennur í samsetningum, sem innihalda 0,1% eða minna af flúoríðjón“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. lyfjalaga, öðlast gildi 1. apríl 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. mars 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.